

Helstu fréttir

Sveitarfélagið Stykkishólmur

Tölublað 3

1. júní 2023



Ungir Hólmarar svolgra í sig pylsu að dönskum sið.

Danskir dagar og Landsmót UMFÍ 50+ framundan

Danskir dagar verða haldnir dagana 23. – 25. júní næstkomandi. Hátíðin er elsta bæjarhátíð á Íslandi en hún var fyrst haldin árið 1994 og var þá hugsuð til að lengja ferðamannatímabilið. Samhliða dönskum dögum fer fram landsmót UMFÍ 50+ í Stykkishólmi og

því óhætt að gera ráð fyrir blómlegu mannlífi í bænum þessa daga. Mótið er öllum opið sem verða 50 ára á árinu og eldri. Þátttakendur þurfa ekki að vera skráðir í íþróttafélag, allir geta tekið þátt og á sínum forsendum. Þátttökugjald er aðeins 5.500kr og skráningarfrestur er til

19. júní. Á landsmótinu verður boðið upp á fjölbreytta dagskrá og ættu því flestir að finna íþróttagrein við sitt hæfi. Hefðbundin kepni verður í flestum greinum en einnig verður boðið upp á greinar sem ekki verður keppt í en fólk á öllum aldri getur tekið þátt í og prófað sér

til skemmtunar. Er því upplagt fyrir gesti Danskra daga að koma og skemmta sér á mótinu. Dagskrá danskra daga er með svipuðu móti og áður en áhersla er lögð á fjölbreytta skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Dagskrá beggja viðburða má finna í blaðinu.



Sigurbjörg Ottesen og Jakob Björgvin skrifa undir samninga.

Skrifað undir samninga um skólaþjónustu í Stykkishólmi

Í febrúarmánuði óskaði sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps eftir formlegum viðræðum við Sveitarfélagið Stykkishólm um að veita börnum með lögheimili í Eyja- og Miklaholtshreppi skólaþjónustu, þ.e. leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla, í ljósi þess að til stæði að loka Laugagerðisskóla sökum þess hve þungur rekstrarkostaður væri.

Jákvæð viðbrögð

Erindið var tekið fyrir á 9. fundi bæjarráðs Stykkishólms þar sem bæjarráð tók ákvætt í erindið og fól bæjarstjóra, ásamt oddvitum beggja lista, að semja við fulltrúa Eyja- og Miklaholtshrepps um leik-, tónlista- og grunnskólaþjónustu fyrir Eyja- og Miklaholtshrepp.

Samningar samþykktir

Í kjölfar þeirrar vinnu

sem þá hófst samþykkti bæjarstjórn Stykkishólms, á 13. fundi sínum, samninga við Eyja- og Miklaholtshrepp. Um er að ræða fjóra samninga en sérstakur samningur er gerður fyrir hverja skólaflokkun, þ.e.a.s. einn fyrir grunnskóla, einn fyrir leikskóla og einn fyrir tónlistarskóla. Þar að auki er einn yfirsamningur sem rannar hina þrjá inn og er m.a. sérstaklega ætlaður til að jafna stöðu barna í Eyja- og Miklaholtshreppi við börn sem búa í Sveitarfélaginu Stykkishólmi með tilliti til íþróttar- og tómstundastarfs.

Samkvæmt yfirsamningnum tekur Stykkishólmur að sér að þjónusta íbúa með lögheimili í Eyja- og Miklaholtshreppi um leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla. Þá tekur samningurinn jafnframt

til íþróttar- og tómstundastarfs barna og unglunga að því marki sem það snýr að þjónustu Stykkishólms. Samningurinn tryggir þannig börnum og unglungum í Eyja- og Miklaholtshrepp m.a. aðgang að félagsstarfi unglunga, íþróttaskóla og frístund.

Hagsmunir nemenda að leiðarljósi

Í samningnum sem snýr að grunnskólamála kemur fram að Eyja- og Miklaholtshreppur kosti stuðningsfulltrúa til tímabundinnar aðlögunar nemenda úr Eyja- og Miklaholtshreppi við Grunnskólann í Stykkishólmi. Er þetta gert til að auðvelda nýjum nemendum að aðlagast nýjum aðstæðum og breyttu umhverfi. Þá er nemendum úr Eyja- og Miklaholtshreppi einnig tryggt aðgengi að rými frá loknu skólalaldi hvers nemenda fram

að heimkeyrslu eða fram að tómstund.

Samningar undirritaðir

Miðvikudaginn 10. maí, rituðu Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, bæjarstjóri Stykkishólms, og Sigurbjörg Ottesen, oddviti Eyja- og Miklaholtshrepps, undir samningana fjóra. Að sögn Jakobs Björgvins tekur sveitarfélagið fagnandi á móti nýjum nemendum. „Lagt var upp með að finna lendingu í þessu máli með hagsmuni nemenda að leiðarljósi og hafa nú náðst samningar sem eru sanngjarnir fyrir báða aðila að mínu mati. Við erum ákaflega stolt af okkar skólastarfi og öflugum starfsfólki skólanna hér í Stykkishólmi. Hér er ríkt hefur fyrir góðu skólastarfi. Innviðir eru góðir og hér þrífst einnig öflugt íþróttar- og félagslíf eins

og þekkt er og jákvætt að geta boðið fleirum að njóta góðs af því“ - segir Jakob Björgvin.

Sigurbjörg tók í sama streng og segir afar ánægjulegt að hafa fundið farsælan farveg fyrir skólaþjónustu barna í sveitarfélagi sem hefur metnað til þess að taka vel á móti nýjum nemendum. „Það voru þung skref að taka fyrir

sveitarstjórn að þurfa að loka Laugagerðisskóla, en sú ákvörðun var hins vegar mjög vel ígrunduð. Sveitarstjórn sá það sem ljóst var að rekstur skólans hafi verið mjög þungur síðustu ár og sveitarstjórn ekki séð leið til að skera meira niður í skólasterfinu án þess að það komi verulega niður á þjónustu við nemendur. Þá hafi skólinn

verið á undanþágu frá Vinnueftirlitinu vegna húsnæðismála. Sveitarfélagið þurfti því að fara aðrar leiðir. Við erum því mjög ánægð með að hafa náð afar hagfelldum samningum um skólaþjónustu við Stykkishólm sem reka góða og framsýna skólafnanir með starfsliði sem hefur metnað fyrir góðu skólasterfi og árangri nemenda. Einnig höfum

við með samningunum tryggt aðgengi barna í okkar sveitarfélagi til jafns við börn í Stykkishólmi, sem það kjósa, að því öflugra íþrótt- og tómstundastarfi sem þar er starfrækt. Það teljum við einnig afar mikilvægt þegar til framtíðar er litið.“ – Sagði Sigurbjörg Ottesen.

Hallgerður og rest í beinni útsendingu frá Laugardalshöll



Hljómsveitin Hallgerður og rest.

Laugardaginn 6. maí áttu glæsilega fulltrúa fór fram Söngkeppni í keppninni í ár en hljómssveitin Hallgerður

og rest keppti fyrir hönd félagsmiðstöðvarinnar X-ið. Hljómsveitin flutti lagið Skyfall eftir Adele en alls stigu 30 atriði á stökk í Laugardalshöllinni. RÚV sýndi frá söngkeppninni í beinni útsendingu.

Hallgerður og rest kepptu í Samvest, undankeppni fyrir Söngkeppni Samfés, í mars sl. og fóru þar með sigur úr bitum og tryggðu sér þannig sæti á stóra sviðinu. Atriðið var eitt af tveimur

atriðum frá Vesturlandi en hitt atriðið kom frá félagsmiðstöðinni Hreisið í Búdardal.

Hljómsveitina Hallgerður og rest skipa þau Ágústa Arnþórsdóttir á bassa, Hera Guðrún Ragnarsdóttir á þverflautu, Hjalti Jóhann Helgason á básúnu, Íris Ísafold Sigurbjartsdóttir á hljómborð, Ívar Leo Hauksson á trommur Embla Rós Elvarsdóttir sem syngur.

Malbikunarflokkur í Stykkishólmi

Með hækkanði sól og batnandi veðri leiða margir hugann að framkvæmdum við heimili sín, enda hafa Hólmarar lengi verið þekktir fyrir snyrtimennsku og umhverfisvitund sína. Malbikun Akureyrar verður á Snæfellsnesi dagana 20. júlí til 5. ágúst í sumar. Fyrirtækið tekur að sér alla malbiksvin-

nu, fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Gott er fyrir þá sem hyggjast nýta sér þessa þjónustu að hafa samband tímanlega og tryggja sér sæti í röðinni. Nánari upplýsingar veita Baldvin, í síma 896-5332, og Jón, í síma 854-2211. Einnig er hægt að senda póst á netfangið jon@malbikun.is



Nýtt stuðningsmannafélag stofnað



Körfuknattleiksdeild Snæfells efndi til fundar fyrir stuðningsfólk sitt þriðjudaginn 30. maí síðastliðinn. Á fundinum var nýtt stuðningsmannafélag kkd. Snæfells stofnað. Góð mæting var á stofnfund félagsins og sköpuðust góðar umræður um hlutverk og framtíðarsýn félagsins. Félagið hefur

enn sem komið er ekki hlotið nafn en það kemur í hlut nýrrar stjórnar að útfæra það. Stjórn nýja félagsins skipa þau Heiðrún Edda Pálsdóttir, Oddfreyr Ágúst Atlason, Valdís Helga Alexandersdóttir og Bæring Nói Dagsson. Á myndinni má sjá stjórnina með formanni kkd. Snæfells.



Gunnhildur og Gísli slógu í gegn

Fulltrúar frá heilsuefningu 60+ í Stykkishólmi sóttu í gær ráðstefnu um hefyrræði fyrir 60 ára og eldri. Þar kynntu Gunnhildur Gunnarsdóttir og Gísli Pálsson það góða starf sem un-

nið er í heilsuefningu 60+ í Stykkishólmi. Dagskrá ráðstefnunnar var sniðin fyrir þjálfara og skipuleggjendur sem sjá um hreyfingu fyrir 60 ára og eldri, og áhugasama aðila um

málefnið. Félags- og vinnumarkaðsráðherra, Guðmundur Ingi og heilbrigðisráðherra, Willum Þór fluttu ávarp í byrjun ráðstefnunnar. Á ráðstefnunni fóru svo fram stutt og áhugaverð

erindi frá fyrirlesurum héðan og þaðan. Á undan kynningunni frá Stykkishólmi kynntu þær Rut og Ágústa öflugt starf sem unnið er í þessum málaflokki hjá nágrönnum okkar í Grundarfirði.

Ráðstefnan var haldin á vegum Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) og Landssambands eldri borgara (LEB) í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og Heilsuefningu samfélag (embætti landlæknis).

Óhætt er að segja að kynningin frá okkar fólki hafi slegið í gegn á ráðstefnunni. Þau voru létt á því og smituðu salinn af gleði og hlátri, sem er einmitt lýsandi fyrir þeirra góða starf í heilsuefningunni.

Verkfall yfirvofandi

Verkfallsaðgerðir aðildarfélaga BSRB sem boðaðar eru 5. júní – 5. júlí næstkomandi hafa nokkur áhrif á starf-

semi sveitarfélagsins nái þær fram að ganga. Komi til verkfalla munu félagsmenn BSRB í Ráðhúsi, leikskóla,

þjónustumiðstöð, sundlaug og íþróttamiðstöð leggja niður störf og starfsemi þessara stofnanna því skerðast með

einhverju móti. Upplýst verður nánar um stöðuna á heimasíðu sveitarfélagsins komi til verkfalla.



Jakob Björgvin og Rannveig kynna framtíðarhugmyndir fyrir meðlimum Aftanskin.

Nýr forstöðumaður miðstöðvar öldrunarþjónustu heimsótti Hólmara

Rannveig Ernudóttir, nýráðin forstöðumaður miðstöðvar öldrunarþjónustu, heimsótti Stykkishólm um miðjan

maímánuð til að kynna sig og kynnast öðrum. Í heimsókn sinni fundaði Rannveig með starfsfólki Ráðhússins í Stykkishól-

mi, bæjarstjóra og mannaúdsfulltrúa auk þess sem hún átti góðan fund með stjórn og öðrum meðlimum Aftanskin

í Setrinu. Þá heimsótti Rannveig einnig dvalarheimili aldraðra og kynntist starfseminni og húsnæðinu.

Kynningarfundur um deiliskipulag Skipavíkursvæðis



Bæring Bjarnar Jónsson gerir grein fyrir skipulaginu.

Opinn kynningarfundur um tillögu að deiliskipulagi hafnarsvæðis Skipavíkur var haldinn í Amtbókasafni Stykkishólms miðvikudaginn 24. maí síðastliðinn.

Á fundinum gerðu Kristín Þorleifsdóttir, skipulagsfulltrúi og Bæring Bjarnar Jónsson, skipulagsráðgjafi, grein fyrir vinnu vegna deiliskipulags hafnarsvæðis við

Skipavík. Að lokinni kynningu var opið fyrir umræður og ábendingar. Fundarstjóri var Hilmar Hallvarðsson, formaður skipulagsnefndar. Mæting var góð

og töluverðar umræður sköpuðust í lok fundar. Deiliskipulagstillagan er aðgengileg á vef sveitarfélagsins og í móttöku ráðhússins að Hafnargötu 3, á opnunartíma kl. 10-15, til og með 9. júní 2023. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að kynna sér tillöguna.

Ábendingar og/eða athugasemdir skulu vera skriflegar og berast til skipulagsfulltrúa eigi síðar en 9. júní 2023 í Ráðhús Stykkishólms eða á netfangið skipulag@stykkisholmur.is.

Heimir ráðinn skólastjóri og Rannveig ráðin forstöðumaður miðstöðvar öldrunarþjónustu

Á 14. fundi bæjarstjórnar Stykkishólms, þann 11. maí, samþykkti bæjarstjórn að ráða Heimi Eyvindarson í stöðu skólastjóra Grunnskólans í Stykkishólmi og Tónlistarskóla Stykkishólms. Ákvörðun bæjarstjórnar er byggð á niðurstöðu ráðgjafa Attentus og hæfninefndar sem taldi Heimi mæta best þeim kröfum sem gerðar voru í auglýsingu um starfið.



Heimir Eyvindarson

Nánar um Heimi
Heimir lauk B.Ed frá KHÍ af kjörsviði erlendra tungumála (dönsku) árið 2010. Hann hefur lokið 70 ETSC einingum á meistarastigi á sviði stjórnun menntastofnana og mun ljúka diploma í opinberri stjórnsýslu á þessu ári. Hann hefur einnig stundað nám í þroskaþjálfun frá KHÍ og er Garðyrkjufraeðingur/Blómaskreytir frá Garðyrkjuskóla Ríkisins. Heimir er hljóm-

borðsleikari hljómsveitarinnar Á móti sól og hefur verið aðal laga- og textahöfundur hljómsveitarinnar frá stofnun árið 1995.

Heimir starfar nú sem deildarstjóri elsta stigs við Grunnskólann í Hveragerði, hann starfaði fyrst sem deildarstjóri sérkennslu og síðar sem deildarstjóri náms og kennslu. Áður var hann leiðbeinandi í grunnskóla á árunum 2005-2010 og grunnskólakennari frá árunum 2010-2013.

Heimir tekur til starfa 1. ágúst næstkomandi en stefnir þó að því að koma í Hólminn á næstu vikum, kynnast starfsfólki skólanna og undirbúa starfið fyrir næsta haust.

Forstöðumaður miðstöðvar öldrunarþjónustu

Á fundi bæjarstjórnar var einnig samþykkt að ráða Rannveigu Ernudóttir í nýja stöðu forstöðumanns miðstöðvar öldrunarþjónustu. Ákvörðun bæjarstjórnar er byggð á niðurstöðu ráðgjafa Attentus og hæfninefndar sem taldi Rannveigu mæta best þeim kröfum sem gerðar voru í auglýsingu um starfið.

Nánar um Rannveigu
Rannveig lauk BA gráðu

í guðfræði frá Háskóla Íslands árið 2008 og BA gráðu í tómtunda- og félagsmálafræði árið 2012 frá sama háskóla. Rannveig hefur lokið FME hæfismati og lokið grunnnámskeiði hjá Geðverndarfélagi Íslands.

Hún starfaði sem frístundaráðgjafi hjá Reykjavíkurborg á árunum 2014-2018 og sem tómtunda- og félagsmálafræðingur á Hrafnistu á árunum 2014-2015.

Rannveig hefur einnig



Rannveig Ernudóttir

starfað sem virkniþjálfari hjá Reykjavíkurborg og haft umsjón með félagsstarfi fullorðinna á árunum 2016-2022.

Rannveig er stofnandi og var verkefnastjóri Tæknilæsis fyrir fullorðinna og sat í stjórn lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar á árunum 2018-2022. Rannveig er einnig

núverandi forstöðukona félagsmiðstöðvarinnar Hraunbæ 105.

Rannveig hefur störf í byrjun ágústmánaðar en kom á dögnum í heimsókn til Stykkishólms og kynnti sér aðstæður.

Hlutverk

forstöðumanns

Hlutverk Rannveigar sem forstöðumanns verður að stýra nýrri miðstöð öldrunarþjónustu sem mun vera staðsett við Skólastíg 14 í Stykkishólmi. Hún mun leiða stofnun nýs sviðs öldrunar og stoðþjónustu í sveitarfélaginu og innleiðingu á stefnumörkun starfshóps um þjónustu við einstaklinga 60 ára og eldri. Með stofnun miðstöðvarinnar er fyrsta skrefið tekið við að vinna markvisst að því að samþætta félags- og heilbrigðisþjónustu.

Sveitarfélagið Stykkishólmur óskar þeim Heimi og Rannveigu innilega til hamingju með nýju stöðurnar og óskar þeim jafnframt velfarnaðar í starfi. Þá þakkar sveitarfélagið einnig öllum þeim sem sóttu um stöðurnar og sýndu þeim áhuga.

Afkoma sveitarfélagsins umfram væntingar samkvæmt ársreikningi 2022

Á bæjarstjórnarfundum þann 4. maí 2023 var ársreikningur Sveitarfélagsins Stykkishólms fyrir árið 2022 tekinn til fyrri umræðu. Síðari umræða fór fram á fundi bæjarstjórnar 11. maí sl.

Rekstrartekjur samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta námu 2.271 millj. kr. á árinu en þar af námu rekstrartekjur A hluta 1.947 millj. kr. Rekstrarniðurstaða A og B hluta var neikvæð um 80 millj. kr. en fjárhagsáætlun með viðaukum hafði gert ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 99 millj. kr. Rekstrartekjur A og B hluta jukust um 11% milli ára. Rekstrargjöld jukust um 7% milli ára og eru 2% lægri en áætlun með viðaukum hafði gert ráð fyrir.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms samþykkti á fundi sínum þann 27. október 2022 viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2022. Með samþykkt viðaukans var tekin ákvörðun um að leggja niður Dvalarheimili aldraðra í Stykkishólmi með framlagi til sjóðsins og færslu eigna hans og skulda annars vegar yfir í Eignasjóð og hins vegar í Aðalsjóð. Heildaráhrif þessa á rekstrarniðurstöðu A hlu-

ta sveitarfélagsins eru neikvæð sem nemur 113 millj. kr. en um er að ræða einsskiptis aðgerð sem hafði veruleg áhrif á afkomu A hluta sveitarfélagsins á árinu 2022.

Veltufé frá rekstri nam á árinu 2022 244 millj. kr. samanborið við 208 millj. kr. árið áður. Veltufé frá rekstri var 42 millj. kr. umfram fjárhagsáætlun með viðaukum sem gert hafði ráð fyrir að veltufé frá rekstri næmi 202 millj. kr. Handbært fé í árslok nam 135 millj. kr. og lækkaði um 36 millj. kr. á árinu.

Fjárfestingahreyfingar A og B hluta á árinu 2022 námu 108 millj. kr. Lántökur á árinu námu 100 millj. kr. og afborganir langtímalána voru 207 millj. kr.

Skuldaviðmið A og B hluta Sveitarfélagsins Stykkishólmur í árslok 2022 var 107% en rekstrarjöfnuður síðastliðinna þriggja ára er neikvæður um 218 millj. kr.

Sveitarfélagið innleiddi á árinu 2022 reglugerðarbreytingu nr. 230/2021 á 20. gr. reglugerðar nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlunir og ársreikninga sveitarfélaga. Breytingin felur í sér að samstarfsverkefni

eru nú færð inn í samantekin reikningsskil sveitarfélagsins miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélagsins á rekstri samstarfsverkefnanna. Í ársreikningnum er hlutdeild sveitarfélagsins í einstökum liðum rekstrar og efnahags þessara samstarfsverkefna færð til samræmis við ábyrgð sveitarfélagsins. Í ársreikninginum hefur samanburðarfjárhæðum við árið 2021 verið breytt til samræmis.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir ársreikningnum á síðasta fundi bæjarstjórnar og sagði að sveitarfélagið byggði á traustum grunni, en á sama tíma liggja fyrir ýmsar áskoranir.

„Áherslur bæjarstjórnar á árinu 2022 og á yfirstandandi ári er að skapa áfram eftirsóknarvert umhverfi fyrir fólk og fyrirtæki, standa vörð um grunnþjónustu sveitarfélagsins, sérstaklega um hag barna og fjölskyldna þeirra og eldra fólks, og sækja af ábyrgð fram með samfélagslega mikilvægum fjárfestingum innviða sem komi til með að skapa svigrúm til eflingar samfélagsins á svæðinu á sama tíma og stefnt er að því að tryggja að skuldaviðmið og skuldahlutföll séu að lækka markvisst á tíma-

bilinu. Þessar áherslur og markmið bæjarstjórnar endurspeglast í fyrirliggjandi ársreikningi og samþykktum áætlunum, en það er alltaf áskorun frá degi til dags að tryggja að þessi markmið nái fram að ganga.“ sagði Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, bæjarstjóri á fundinum.

„Áfram þarf að leggja áherslu á ábyrga fjármálastjórnun þar sem gætt er aðhalds og ábyrgðar í rekstri bæjarins á sama tíma og þjónusta við bæjarbúa verði eins og best verður á kosið. Bæjarstjórn og stjórnendur sveitarfélagsins þurfa að vera og eru vakandi fyrir ákveðnum þáttum í rekstri sem endurspeglast í þessum ársreikningi. Það þarf að huga að því og vinna markvisst að því að ná enn meira upp veltufé frá rekstri, sem þarf að standa undir afborgunum skulda og skuldbindinga líkt og endurspeglast í fyrirliggjandi ársreikningi, þannig að rekstur geti áfram staðið undir greiðslu skulda og nauðsynlegum fjárfestingum.“ sagði Jakob að endingu.

Fréttir og umbrot blaðsins annast Jón Sindri Emilsson aðstoðarmaður bæjarstjóra.

Auglýst eftir áhugasömum aðilum til að annast snjómokstur

Sveitarfélagið Stykkishólmur auglýsir eftir áhugasömum aðilum til að annast snjómokstur í sveitarfélaginu næstkomandi vetur. Þeir sem hafa áhuga á verkefninu geta tilkynnt um áhuga sinn til sveitarfélagsins í netfangið stykkisholmur@stykkisholmur.is til og með 1. júní 2023. Í framhaldinu verða þeir sem sýnt hafa áhuga boðaðir á fund þar sem farið verður nánar yfir umfang verkefnisins og fyrirkomulag. Nánari upplýsingar um snjómokstur og hálfuvarnir veitir Jón Beck Agnarsson í síma 892-1189.



Jón Beck Agnarsson leikur listir sínar við snjómokstur.

Snæhopp hefur sagt upp samstarfi við sveitarfélagið

Snæhopp ehf. hefur sagt upp þjónustusamningi sem gerður var við Sveitarfélagið Stykkishólm. Í erindi frá framkvæmdastjóra Snæhopp kemur fram að stjórn félagsins hafi talið nokkur ákvæði í þjónustusamningnum orðið pólitískari en til var ætlað. Það hafi dregið nafn og vörumerki Hopp inn í umræðu sem geti skekkt ímynd félagsins og því var ákveðið að rifta samningnum. Sem kunnugt er ritaði bæjarstjóri undir samstarfsyfirlýsingu um stöðvalausa rafskútuleigu í Stykkishólmi á sumardaginn

fyrsta síðastliðinn. Sveitarfélagið gerði sérstakan þjónustusamning við Snæhopp þar sem kveðið var á um að sveitarfélagið myndi annast að hlaða og skipta um batterí á hjólinum á virkum dögum. Þess í stað fengju allir starfsmenn sveitarfélagsins, um 150 manns, gjaldfrjáls afnot af hjólinum á milli kl. 08:00 – 16:00 virka daga. Til viðbótar fengi sveitarfélagið eitt hjól til afnota fyrir Ráðhúsið og annað fyrir Þjónustumiðstöðina. Vildi sveitarfélagið með þessu hvetja starfsfólk sitt til að nýta græna og umhver-



fisvæna ferðamáta, takmarka notkun einkabílsins og minnka kolefnisfótsporið. Ekki verður þó af þessu þar sem Snæhopp hefur sagt samstarfinu upp. Hjólin verða áfram í Stykkishólmi og fyrirkomulag þeirra óbreytt fyrir hinn almenna notenda. Fram-

vegis verða hjólin þó þjónustuð af Snæhopp ehf. en ekki sveitarfélaginu. Eigendur Snæhopp eru Friðþjófur Orri Jóhannsson, Lilja Hrund Jóhannsdóttir og Benedikt Gunnar Jensson. Ábendingar og athugasemdir vegna hjóllanna berist framvegis til Snæhopp.